

Starfsreglur fræðslu- og útbreiðslunefndar BLÍ

1. gr. Skipun

Fræðslu- og útbreiðslunefnd BLÍ starfar samkvæmt lögum BLÍ og reglugerð BLÍ um fræðslumál og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Fræðslu- og útbreiðslunefnd skal skipuð a.m.k. 3 mönnum sem stjórn BLÍ tilnefnir og skal formaður nefndarinnar skipaður af stjórn BLÍ, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2. gr. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og stýrir fundi. Nefndin heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra BLÍ. Framkvæmdastjóri leggur fundargerð fræðslu- og útbreiðslunefndar fyrir næsta stjórnarfund BLÍ til kynningar og umræðu.

3. gr. Hlutverk og verkefni

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál BLÍ og annast sér í lagi menntun blakþjálfara og útbreiðslu íþróttarinnar. Helstu verkefni fræðslu- og útbreiðslunefnd eru eftirfarandi:

- a. Að hafa umsjón með menntun blakþjálfara
- b. Að halda reglulega námskeið fyrir blakþjálfara
- c. Að halda skrá yfir alla þá sem lokið hafa þjálfaramenntun hér á landi eða erlendis
- d. Að annast endurmenntun blakþjálfara
- e. Að halda gagnagrunn um íslenska blakþjálfara
- f. Að hafa umsjón með útgáfu fræðsluefnis um blak og blakþjálfun
- g. Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi
- h. Að afla og miðla upplýsingum um þjálfun og námskeið erlendis
- i. Að vera umræðuvettvangur um framfarir og þróun í íslensku blaki

4. gr. Önnur störf

Fræðslu- og útbreiðslunefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn BLÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

5. gr. Ágreiningsmál

Stjórn BLÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

6. gr. Gildistaka

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt á ársþingi BLÍ 13. Júní 2020